

ENDURSKOÐENDARÁÐ

**Skýrsla um störf  
endurskoðendaráðs  
2014**

## Störf endurskoðendaráðs á árinu 2014

### *Inngangur*

Endurskoðendaráð er eftirlitsaðili með störfum endurskoðenda og er verksvið ráðsins skilgreint í V. kafla laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Þau lög tóku gildi 1. janúar 2009 og með þeim var innleidd áttunda félagaréttartilskipun Evrópuráðsins. Hlutverk endurskoðendaráðs skv. 15 gr. laganna er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga.

Nánar tiltekið ber endurskoðendaráði að:

- fylgjast með því að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar
- fylgjast með því að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun
- sjá til þess að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja fari fram
- sjá til þess að siðareglur og endurskoðunarstaðlar séu til

Endurskoðendaráð heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og skipar ráðherra fimm menn í ráðið til fjögurra ára í senn. Þrír nefndar menn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu en tveir skipaðir af ráðherra. Núverandi endurskoðendaráð var skipað þann 21. maí 2013. Í ráðinu sitja; Aðalmenn: Áslaug Árnadóttir, formaður, Þórður Reynisson, Pálína Árnadóttir, Jóhann Unnsteinsson og Hildur Árnadóttir. Varamenn: Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Elva Ósk Wíium, Krístrún Helga Ingólfssdóttir, Ólafur Gestsson og Brynja Halldórsdóttir. Starfsmaður endurskoðendaráðs er Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur.

Endurskoðendaráð hélt 20 fundi á árinu 2014 auk ýmissa samráðsfunda með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE).

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umfjöllunar og afgreiðslu ráðsins á árinu:

### *Gæðaeftirlit*

Mikilvægasta og umfangsmesta verkefni ráðsins er að sjá um að fram fari gæðaeftirlit með þeim störfum endurskoðenda sem falla undir ákvæði laganna um endurskoðendur nr. 79/2008.

#### *Gæðaeftirlit 2012*

Framkvæmd gæðaeftirlits 2012 hófst 26. september 2012 og lauk með skýrslu gæðanefndar FLE til endurskoðendaráðs í maí 2013 þar sem fram kom umsögn nefndarinnar um framkvæmd og niðurstöður gæðaeftirlitsins. Umfjöllun ráðsins og endalegri afgreiðslu mála sem varða gæðaeftirlitið lauk að mestu leyti á fundi ráðsins þann 12. nóvember 2013. Í sérstakri skýrslu um niðurstöðu gæðaeftirlits 2012, sem birt er á heimasíðu ráðsins, er fjallað um gæðaeftirlitið. Skýrslan kom út 12. nóvember 2013 en þá voru ennþá fjögur gæðaeftirlitsmál í ferli hjá endurskoðendaráði. Þeim málum lauk í upphafi árs 2014 og var tveimur endurskoðendum veitt áminning vegna niðurstöðu gæðaeftirlitsins og var auk þess gert að sæta endurteknu eftirliti.

### *Gæðaeftirlit 2013*

Undirbúningur að gæðaeftirliti ársins 2013 hófst á haustmánuðum 2013. Ákveðið var að gæðaeftirlit skyldi einungis beinast að innra gæðaeftirlitskerfi endurskoðunarfyrtækja og gátlista 2, sbr. viðauka við reglur nr. 771/2012. Voru 10 endurskoðunarfyrtækni valin með tilviljanakenndu úrtaki og voru boðunarbréf til þeirra sem sæta skyldu eftirliti send í byrjun nóvember 2013. Við undirbúning að framkvæmd gæðaeftirlitsins var haldinn fundur með gæðanefnd FLE sem annast framkvæmd þess. Gæðaeftirlitsmenn voru tilnefndir af FLE og var val á þeim staðfest af endurskoðendaráði um miðjan desember. Ráðið fól FLE að annast gæðaeftirlitið í samræmi við 13 gr. laganna um endurskoðendur nr. 79/2008. Gæðanefnd FLE lauk störfum sínum með skýrslu til ráðsins 13. júní 2014 þar sem fram kemur umsögn nefndarinnar um framkvæmd og niðurstöður gæðaeftirlitsins. Endurskoðendaráði barst síðasta gæðaeftirlitsskýrslan 27. júní 2014.

Fjallað er um gæðaeftirlitið og niðurstöðu þess í sérstakri skýrslu um niðurstöðu gæðaeftirlits 2013, sem birt er á heimasíðu ráðsins.

### *Gæðaeftirlit 2014*

Undirbúningur að gæðaeftirliti ársins 2014 hófst í byrjun árs 2014. Endurskoðendur sem sæta skyldu eftirliti voru valdir með tilviljanakenndu úrtaki og voru boðunarbréf til þeirra sem sæta skyldu eftirliti send í febrúar 2014. Gerðar voru breytingar á reglum nr. 771/2012 um framkvæmd gæðaeftirlits með það að markmiði að hraða framkvæmd eftirlitsins. Reglur nr. 778/2014 um breytingu á reglum nr. 771/2012 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda voru birtar í B-deild stjórnartíðinda þann 29. ágúst 2014. Gæðaeftirlitsmenn voru tilnefndir af FLE og var val á þeim staðfest af endurskoðendaráði. Endurskoðendaráð fól FLE að annast gæðaeftirlitið í samræmi við 13. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

Af þeim 102 endurskoðendum sem boðaðir voru í eftirlit voru 45 sem árituðu endurskoðunarverkefni vegna reikningsársins 2013. Var þeim gert að sæta gæðaeftirliti árið 2014 vegna reikningsársins 2013. Framkvæmd gæðaeftirlits hófst í október 2014 og er stefnt að því að umfjöllun ráðsins um það verði lokið í mars 2015. Endurskoðendaráð mun taka saman skýrslu um niðurstöður gæðaeftirlitsins og birta á heimasíðu ráðsins þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

### ***Lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðanda verði felld niður***

Á árinu lagði endurskoðendaráð til við iðnaðar- og viðskiptaráðherra að réttindi endurskoðanda skv. 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur yrðu felld niður sökum brots endurskoðandans á 22. gr. laga um endurskoðendur. Ráðherra hefur ekki tekið ákvörðun í málinu.

### ***Ábyrgðartryggingar***

Endurskoðendum sem starfa að endurskoðun ber að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu eins og kveðið er á um í 6. gr. laga nr. 79/2008 og skulu þeir senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um gilda tryggingu fyrir 15. janúar ár hvert. Lagaskilyrði um starfsábyrgðartryggingu er ófrávíkjanlegt og þeir sem ekki hafa slíka tryggingu uppfylla ekki þau skilyrði til að hafa réttindi sem endurskoðendur.

Á fundi ráðsins í apríl var farið yfir yfirlit frá FLE um endurskoðendur sem ekki höfðu staðfest að þeir hefðu gilda ábyrgðatryggingu. Var umræddum aðilum veittur tveggja vikna frestur til úrbóta. Síðari hluta árs voru öll mál varðandi starfsábyrgðatryggingar afgreidd.

### ***Endurmenntun***

Endurskoðendum er skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum eins og kveðið er á um í 7. gr. laganna um endurskoðendur. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna skal endurmenntun að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Í gildi eru reglur um endurmenntun nr. 30/2011 sem gefnar voru út þann 19. janúar 2011 þar sem útlistað er hvað teljist til endurmenntunar.

Í reglunum kemur m.a. fram að fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabil skv. 7. gr. laga nr. 79/2008 hefjist 1. janúar 2010, sbr. ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 79/2008. Því tímabili lauk þar af leiðandi 31. desember 2012.

Félag löggiltra endurskoðenda hefur haldið utan um endurmenntun félagsmanna sinna með því að félagsmenn senda upplýsingar um endurmenntun sína til félagsins. Félagið sendi ráðinu upplýsingar um stöðu endurmenntunar hjá einstökum félagsmönnum snemma árs 2014. Ráðið fylgdi málinu eftir gagnvart þeim sem ekki höfðu lokið tilskildum fjölda endurmenntunareininga með því að beina til þeirra tilmælum um úrbætur og eftir atvikum áminna þá. Tveir endurskoðendur höfðu ekki uppfyllt skilyrði laganna um endurmenntun og voru þeir áminntir af endurskoðendaráði á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur.

### ***Notkun orðsins endurskoðun eða endurskoðandi í starfs- eða firmaheiti.***

Á árinu 2014 tók endurskoðendaráð til skoðunar skráningu endurskoðunarfyritækja í fyrirtækjaskrá og bar saman við opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyritækki, sem fengið hafa réttindi til endurskoðunarstarfa. Í 6. mgr. 4. gr. laga um endurskoðendur kemur fram að öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyritækjum sé óheimilt að nota orðin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þá sé óheimilt að vekja þá trú að aðili sé endurskoðandi með notkun starfsheitis, firmanafns eða með öðrum misvísandi hætti, ef hann er það ekki. Í kjölfar athugunarinnar sendi endurskoðendaráð bréf til einstaklings og mældist til þess að hann breytti skráningu sinni með þeim hætti að hún færi ekki gegn lögum um endurskoðendur.

Endurskoðendaráði bárust síðar á árinu tvö erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem vakin var athygli á því að tveir einstaklingar undirrituðu og stimpluðu gögn sem löggiltir endurskoðendur án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. Endurskoðendaráð lauk afgreiðslu beggja málanna á árinu. Öðrum aðilanum voru send tilmæli um að láta af háttseminni. Hinn aðilinn hafði áður fengið tilmæli frá endurskoðendaráði varðandi sama efni og var máli hans vísaði til lögreglu til frekari rannsóknar, þar sem ráðið taldi að umrædd háttsemi gæti farið gegn 6. mgr. 4. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur og 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bréfi til endurskoðendaráðs, dags. 2. janúar 2015, tilkynnti Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu ráðinu að rannsókn málsins hafi verið hætt.

### **Samskipti við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið**

Endurskoðendaráð átti ýmis samskipti við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á árinu varðandi málefni endurskoðenda.

Meðal annars átti formaður endurskoðendaráðs fund með ráðuneytinu vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um endurskoðendur og fór þar yfir athugasemdir ráðsins við frumvarpsdrögin.

### **Erindi til ráðsins.**

Ýmis erindi og ábendingar bárust ráðinu á árinu 2014 og hlutu sum þeirra endanlega afgreiðslu, en önnur verða áfram til meðferðar hjá ráðinu. Við meðferð málanna var sérstaklega gætt að reglum stjórnarsýslulaga um vanhæfi nefndarmanna þannig að varamaður var kallaður til eftir aðstæðum hverju sinni.

### **Önnur mál**

Meðal annarra starfa endurskoðendaráðs á árinu má telja eftirfarandi:

- Tillögur að prófgjaldi fyrir próf til löggildingar endurskoðunarstarfa árið 2014.
- Samskipti við prófnefnd vegna prófsýningar í löggildingarprófi.
- Upplýsingar veittar ráðuneytinu vegna innlagna endurskoðenda á réttindum sínum.
- Spurningalista frá svissneskum endurskoðunaryfirvöldum svarað.

19. mars 2015

Endurskoðendaráð

*Aslaug Arnadóttir*  
*Jóhanna Ákós*  
*Pálma Arnadóttir*  
*Jónína Þorjón*  
*Þórunn Gunnar*